

L Ö G

77

11. júní

um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

- a. Í stað „50 rúmlesta“ í a-lið 4. gr. laganna komi: 150 rúmlesta.
b. B-liður sömu gr. orðist þannig: Stofnunar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskveiðar, gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskimjölsverksmiðjum og öðrum iðjufyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu fiskiafurða.

2. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Sé einnig um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórnin metur gildar, má lána allt að $\frac{3}{5}$ virðingarverðs, og sé skipið byggt hér á landi, allt að $\frac{7}{10}$ virðingarverðs.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Lengsti lánstími samkv. a-lið 4. gr. er 12 ár og hámarkslán út á eitt skip, með eða án aukatrygginga, 40 þúsund krónur.

3. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Út á eignir, sem tilgreindar eru í b-lið 4. gr., má lána allt að $\frac{2}{5}$ virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns 35 þúsund krónur.

4. gr.

7. gr. laganna skal orða svo:

Vextir af lánum úr fiskveiðasjóði skulu vera $5\frac{1}{2}\%$ — fimm og hálfur af hundræði — á ári og greiðast fyrirfram fyrir eitt ár í senn, eða fyrir hluta úr ári, miðað við gjalddaga á lánum úr fiskveiðasjóði, sem skal vera hinn 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóvember, og má þá enn fremur reikna $\frac{1}{2}\%$ dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

5. gr.

8. gr. laganna fellur niður.

6. gr.

11. gr. laganna fellur niður.

7. gr.

15. gr. laganna, sem verður 13. gr., skal orða svo:

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins og kvittanir, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum,

77 umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi. Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

8. gr.

16. gr. laganna, sem verður 14. gr., skal orða svo:

Yfirumsjón fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, er fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefir á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og annast alla starfrækslu hans. Skal fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum, með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður við rekstur fiskveiðasjóðs (og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda) greiðist af tekjum sjóðsins.

9. gr.

Á eftir 16. gr. laganna, sem verður 14. gr., kemur ný (15.) gr., svo hljóðandi: Ákvæði 12., 13. og 14. gr. skulu einnig gilda um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, eftir því sem við á.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal meginmál þeirra felld inn í lög nr. 46 19. maí 1930 og þau síðan gefin út, svo breytt, sem lög frá Alþingi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.